

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 5. mars 2025

Mál nr. S-7507/2023:

Lögrelustjórinn á höfuðborgarsvæðinu
(*Silja Rán Arnarsdóttir aðstoðarsaksóknari*)
gegn
Jóni Inga Sveinssyni
(*Porgils Porgilsson lögmaður*)

Dómur

1. Mál þetta, sem dómtekið var 5. febrúar sl., er höfðað með ákæru, útgefni af lögrelustjóranum á höfuðborgarsvæðinu 7. desember 2023, á hendur Jóni Inga Sveinssyni [...]

„I.

fyrir peningabætti með því að hafa á tímabilinu 7. september 2017 til og með 5. júní 2019 aflað sér ávinnings með sölu og dreifingu á óþekktu magni ávana- og fíkniefna, að fjárhæð að lágmarki kr. 29.225.679, nánar til tekið:

- Með því að móttaka ávinning af ofangreindum brotum, að fjárhæð samtals 11.939.756 kr. á árunum 2017-2019, á bankareikning í sinni eigu nr. [...], á formi innborgana frá einstaklingum og reiðufjárinnlagna sem ákærði geymdi og nýtti í eigin þágu.
- Með því að móttaka ávinning af ofangreindum brotum, að fjárhæð 9.939.923 krónur, á formi reiðufjár á árunum 2017 og 2018, en ákærði umbreytti og nýtti samtals 2.443.893 kr. til gjaldeyriskaupa, samtals 7.000.000 kr. til kaupa á bifreiðinni [...] og samtals 496.030 kr. til að greiða inn á tvö fyrirframgreidd greiðslukort í hans eigu.
- Með því að móttaka og geyma ávinning af ofangreindum brotum að fjárhæð samtals 7.346.000 kr., annars vegar á heimili ákærða, 4.913.000 kr. og hins vegar á heimili barnsmóður hans, A, kr. 2.433.000, en fjármunirnir voru haldlagðir við rannsókn málsins þann 11. júní 2019.

Ávinning brotanna sinna geymdi ákærði og nýtti í eigin þágu, meðal annars til að standa undir framfærslu sinni á tímabilinu. Nánari sundurliðun á fjárhæðum er að finna í neðangreindri töflu:

	2017	2018	2019	Samtals kr.
Heildarinnborganir á bankar. [...]	3.073.536	14.472.271	5.276.205	
Skýrðar tekjur	1.992.036	4.033.015	4.857.205	
<i>Mismunur - óútskýrðar tekjur</i>	1.081.500	10.439.256	419.000	11.939.756

Sundurliðun á óútskýrðum tekjum á bankar.				
Óútskýrðar innborganir frá einstaklingum	1.081.500	8.689.256	419.000	
Óútskýrðar reiðufjárinnlagnir		1.750.000		
Samtals kr.	1.081.500	10.439.256	419.000	11.939.756

Móttaka og nýting reiðufjár				
Gjaldeyriskaup með reiðufé	1.324.313	1.119.580		2.443.893
Bifreiðakaup með reiðufé		7.000.000		
Greiðslur inn á fyrirframgreidd kort með reiðufé		496.030		
Samtals kr.	1.324.313	8.615.610		9.939.923

Móttaka og geymsla reiðufjár				
Haldlagt reiðufé á heimili ákærða			4.913.000	
Haldlagt reiðufé á heimili barnsmóður ákærða			2.433.000	
Samtals kr.			7.346.000	7.346.000

Heildarandlag óútskýrðra fjármuna á ári	2.405.813	19.054.866	7.765.000	
Heildarandlag kr.				29.225.679

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og til vara við 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

007-2019-[...]

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Krafist er upptöku á 5,05 g af amfetamíni, 8,07 g af MDMA, 59,93 g af kókaíni og 5,53 g af maríhúana, sem hald var lagt á, samkvæmt 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001, með síðari breytingum.

Með vísan til VII. kafla A. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, einkum 1. mgr. 69. gr. og 69. gr. b-d sömu laga, er þess krafist ákærða verði gert að sæta upptöku á eftirtöldum fjármunum, samtals fjárhæð 13.412.037 kr., eins og hér segir:

1. Að ákærða verði gert að sæta upptöku á innistæðu að fjárhæð 4.913.000 kr. af reikningi nr. [...] sem Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu stofnaði til að varðveita haldlagða fjármuni. Fjármunirnir voru haldlagðir við húsleit á heimili ákærða [...] þann 11. júní 2019.

2. Að ákærða verði gert að sæta upptöku á innistæðu að fjárhæð 6.066.037 kr. af reikningi nr. [...] sem Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu stofnaði til að varðveita söluandvirði bifreiðarinnar [...] sem haldlögð var af lögreglu þann 19. júní 2019 en ákærði heimilaði sölu bifreiðarinnar þann 8. september 2020.

3. Að ákærða verði gert að sæta upptöku á 2.000.000 kr. sem varðveittar eru í munageymslu Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Fjármunirnir voru haldlagðir við húsleit á heimili barnsmóður ákærða, A, [...], þann 11. júní 2019.

4. Að ákærða verði gert að sæta upptöku á 433.000 kr. sem varðveittar eru hjá aðalféhirði Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Fjármunirnir voru haldlagðir við húsleit á heimili barnsmóður ákærða, A, [...], þann 11. júní 2019.“

2. Ákærði krefst aðallega sýknu en til vara vægustu refsingar sem lög leyfa og hæfilegra málsvarnarlauna sér til handa.

I

Málsatvik

3. Í júní 2019 bárust lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu upplýsingar um meint fíkniefnabrot ákærða og B. Leiddi það til þess að lögregla aflaði heimilda frá dómstólum til húsleita á þremur mismunandi stöðum og var í framhaldi ráðist í þær rannsóknaraðgerðir 11. júní 2019. Við húsleit á heimili ákærða fundust m.a. fíkniefni, íblöndunarefni, litlir skammtapokar, vogir og vopn, auk reiðufjár að upphæð 4.913.000 krónur, sbr. 1. tölulið í upptökukröfu, allt sakargögn sem lagt var hald á. Sama dag var gerð leit á heimili barnsmóður ákærða, A, þar sem m.a. var lagt hald á reiðufé, 433.000 krónur, sbr. 4. tölulið í upptökukröfu, auk tveggja peningaskápa. Í öðrum skápanna reyndust vera 2.000.000 króna í reiðufé. Ákærði var handtekinn síðar sama kvöld í þágu rannsóknar málsins á lögreglustöðinni við Hverfisgötu þangað sem hann hafði verið boðaður.

4. Samkvæmt efnaskýrslu tæknideildar reyndust hin haldlögðu fíkniefni á heimili ákærða vera 5,05 g af amfetamíni, 8,07 g af MDMA, 59,93 g af kókaíni og 5,53 g af maríjúana auk nokkurs magns af óskilgreindum duftkenndum efnum, ætluðum íblöndunarefnum. Á meðan ákærði sætti gæsluvarðhaldi var gerð önnur leit í húsnæði hans og lagt hald á vopn, kvittun fyrir bifreiðakaupum, ætluð íblöndunarefni og ýmis fíkniefnaáhöld. Lagt var hald á ýmis önnur sakargögn á heimili hans og barnsmóður. Einnig var lagt hald á nýlega bifreið ákærða og upplýsinga aflað frá bifreiðasala um kaup bifreiðarinnar, en að sögn lögreglu reyndist hún að miklu leyti hafa verið keypt fyrir reiðufé. Hlutaðist lögregla síðar til um sölu bifreiðarinnar með samþykki ákærða og var söluandvirðið haldlagt og lagt inn á vörslureikning lögreglu. Rannsókninni var á sama tíma beint samhliða að fyrrgreindum B með réttarstöðu sakbornings, vegna sömu eða svipaðra sakarefna og var m.a. lagt hald á fíkniefni og fjármuni í fórum hans.
5. Við frekari rannsókn málsins var hlutast til um rannsókn á fjármálum ákærða. Samkvæmt greiningarskýrslu lögreglu, dagsettri 28. desember 2022, var farið yfir fjármál ákærða vegna tekjuáranna 2015–2019. Við fjármálagreiningu var í aðalatriðum miðað við ráðstöfunartekjur samkvæmt skattframtölum ákærða og voru þær upplýsingar einkum bornar saman við banka- og kreditkortayfirlit, kvittanir og/eða reikninga vegna fasteigna-, bifreiða- og gjaldeyrisviðskipta, upplýsinga sem komu fram í skýrslutökum, auk fleiri gagna af svipuðum toga.
6. Lögregla tók fjórar skýrslur af ákærða með réttarstöðu sakbornings við rannsókn málsins, 12., 14. og 18. júní 2019 og 8. september 2020. Í aðalatriðum gekkst ákærði við vörslum ávana- og fíkniefna en bar af sér sakir um ætlaða sölu og dreifingu slíkra efna. Hið sama var um meint peningaþvætti. Við skýrslutökur nýtti ákærði sér endurtekið rétt sinn til að tjá sig ekki er spurningar voru lagðar fyrir hann, eða kvaðst ekki geta svarað þeim eða ekki muna eftir eða geta skýrt einstaka peningalegar ráðstafanir og fleira, þar með talið meint peningaþvætti, sakargögn, framburð annarra og ætluð tengsl sín við aðra. Að því marki sem ákærði tjáði sig um fjármál sín greindi hann í aðalatriðum frá því að einstaka innborganir væru vegna útlagðs kostnaðar við veiðileyfi, endurgreiðslur á lánnum og fleira af þeim toga.
7. Lögregla tók þrjár skýrslur 12., 14. og 18. júní 2019 af vitninu A, barnsmóður ákærða, sem þá hafði réttarstöðu sakbornings við rannsókn málsins. Í aðalatriðum bar hún af sér allar sakir um aðild að meintum fíkniefnabrotum og meintu peningaþvætti. Kannaðist hún við að hafa tekið að sér að geyma reiðufé fyrir ákærða en ekki að þeir fjármunir gætu tengst sölu eða dreifingu fíkniefna. Þá kannaðist hún við innborganir

milli sín og ákærða en þar um að þær ráðstafanir tengdust ekki ætluðu fíkniefnamisferli eða peningaþvætti. Að auki nýtti hún sér þagnarrétt sakbornings og kaus að svara ekki einstökum spurningum um hið sama, þar með talið um gjald-eyriskaup.

8. Við rannsókn málsins, á tímabili frá júní 2019 til maí 2021, voru teknar skýrslur af 11 vitnum, fólki sem virtist hafa lagt fjármuni inn á bankareikning ákærða. Í aðalatriðum gáfu vitnin á einn eða annan hátt þær skýringar að umræddar innlagnir væru ýmist út af endurgreiðslum peningalána, uppgjöra vegna veiðileyfa, greiðslna fyrir fíkniefni og/eða um hefði verið að ræða innlagnir fyrir aðra einstaklinga án þess að það væri útskýrt nánar.
9. Rannsókninni lauk 22. nóvember 2021, þegar málgögn voru send í einu lagi til héraðssaksóknara. Með bréfi héraðssaksóknara 1. september 2022 var málið endursent til lögreglustjóra til þóknanlegrar meðferðar, að því er varðaði ákærða og A. Leiddi endursending málsins til útgáfu ákæru lögreglustjóra á hendur ákærða, dags. 21. febrúar 2023, en niðurfellingar málsins gagnvart A. Þáttur B og málgögn um meint brot hans sættu hins vegar áfram meðferð hjá héraðssaksóknara.
10. Samkvæmt ákæru 21. febrúar 2023 var ákærða í I. ákærukafla gefið að sök fíkniefnalagabrot, fyrir að hafa í vörslum sínum fyrrgreind fíkniefni er fundust við húsleit í íbúð hans og í II. ákærukafla peningaþvætti á tímabilinu 7. september 2017 til og með 5. júní 2019. Með úrskurði héraðsdóms 7. júlí 2023 var síðari ákærukaflanum vísað frá dómi. Með úrskurði Landsréttar 18. september 2023, í máli nr. 524/2023, var frávísun héraðsdóms staðfest. Var frávísun á því reist að sú háttsemi sem ákært væri fyrir hefði ekki verið afmörkuð með fullnægjandi hætti og þar með hefði krafa c-liðar 1. mgr. 152. gr. laga nr. 88/2008 ekki verið uppfyllt. Verksaðarlýsing ákæru hefði ekki verið svo greinargóð og skýr að ákærði gæti ráðið af henni einni hvaða háttsemi hann væri sakaður um og bætti ákæran að öðru leyti ekki þar úr. Í kjölfarið féll ákæruvaldið frá kröfum um upptöku fjármuna í þeim hluta málsins en með áskilnaði um að hafa þær kröfur frammi síðar í öðru sakamáli á hendur ákærða sem kynni að verða höfðað síðar. Í sama þinghaldi játaði ákærði skýlaust sök samkvæmt I. ákærukafla en játningin var studd sakargögnum og því var farið með málið samkvæmt 164. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.
11. Ákæra í máli þessu var gefin út 7. desember 2023 og var flutt um kröfu um frávísun þess í þinghaldi 23. apríl 2024. Krafa um frávísun var í meginatriðum reist á því að

ákæran teldist sem áður ekki uppfylla kröfu c-liðar 152. gr. laga nr. 88/2008. Kröfu um frávísun var hafnað með bókun í þingbók, sbr. 3. mgr. 181. gr. sömu laga. Talið var að verknaðarlýsing ákæru teldist nægilega skýr til að ákærði gæti ráðið af henni hvað honum er gefið að sök og gripið til varna. Þau atriði önnur sem tiltekin voru í greinargerð ákærða voru talin lúta að efni máls og kynnu því að leiða til sýknu en ekki frávísunar málsins.

II

Skýrslutökur fyrir dómi

12. *Ákærði* neitar sök og kveðst ekki hafa aflað sér ávinnings með sölu og dreifingu á ávana- og fíkniefnum en viðurkennir að hafa haft fíkniefni í vörslum sínum og hafa neytt fíkniefna sjálfur um tíma. Kannaðist ákærði við að hafa gengist skýlaust við því að hafa haft fíkniefni í sínum vörslum í sölu- og dreifingarskyni, sbr. dóm Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. S-1360/2023 frá 16. október 2023. Kvaðst hann hafa staðið í þeirri trú að slík játning fæli sjálfkrafa í sér viðurkenningu á sölu og dreifingu en kvaðst í reynd ekki hafa selt efnin.
13. Ákærði staðfesti að reikningur nr. [...] hefði verið í sinni eigu. Kvað hann ýmsar færslur vera frá þeim tíma er hann tók að sér leiðsögn í veiðimennsku, m.a. laxveiði. Hefði það verið á þessu tímabili, 2017–2019. Þá hefði hann einnig verið á sjó.
14. Varðandi veiðina kvaðst ákærði hafa tekið að sér að sjá um allt sem tengdist veiðinni og útvegað fyrir viðkomandi holl. Hann hefði leigt tæki og útvegað veiðileyfi. Fyrir þessu hefði hann lagt út og fengið endurgreitt síðar. Þá hefði hann oft lagt út fyrir öðru tengdu veiðinni, m.a. bensíni, mat og drykk. Ákærði kvaðst hafa skipt við hina ýmsu aðila þegar hann keypti veiðileyfi. Hann hefði stundum keypt þau af netinu en stundum beint. Það hefði komið fyrir að hann fengi veiðileyfi sjálfur og úthlutaði tilteknum veiðidögum og hefði hann þá stundum selt þá áfram. Hefði hann fest veiðileyfin á ýmsum tímum ársins. Ákærði skýrði litla virkni á kortinu yfir sumartímamann með því að hann hefði mest notað reiðfé. Þegar hann hefði hætt á sjó hefði hann átt talsvert af fé og nýtt það til framfærslu. Hann kvaðst hafa þekkt alla þá sem komu að þessum veiðibransa og hafa tekið að sér að leiðsegja fyrir félög líka. Þá hefði hann gjarnan fengið greitt í dögum sem hann átti í ánum. Hann kvaðst ekki hafa haldið utan um upplýsingar tengdar veiði með skipulögðum hætti, hvorki það sem hann lánaði né samskipti við aðila sem útveguðu veiðileyfi eða annað því viðkomandi. Hefði allt bókhald hans verið óreiðukennt. Hann hefði veitt lögreglu takmarkaðar upplýsingar enda hefði hann fremur viljað tjá sig fyrir dómi en við lögreglu.
15. Ákærði kvaðst ekki hafa gefið þær greiðslur sem hann hefði þegið upp til skatts. Hann hefði sjálfur greitt veiðileyfin og annað með reiðufé sem hann átti fyrir. Endurgreiðslur hefðu oft verið í formi innborgana á umræddan bankareikning. Hefði verið allur gangur

- á því hvenær greiðslur bárust og það ekki endilega verið á sama tíma og veiðin fór fram. Þannig hefði hann byrjað að skoða strax í október en vinsælustu árnar væru pantaðar yfir vetrartímabilið. Ákærði kvaðst hafa unnið fyrir þeim fjármunum sem krafist er upptöku á. Fjármunirnir hefðu ekki verið rekjanlegir því hann hefði átt mikið af peningaseðlum og tekjurnar af veiðinni verið miklar.
16. Borin voru undir ákærða nöfn einstaklinga sem lögðu fjármuni inn á bankareikning hans. Gerði hann grein fyrir þeim að því marki sem hann kvaðst muna eftir færslunum. Innborganirnar hefðu ekki verið vegna kaupa á fíkniefnum og fjárhæðirnar ýmiss konar. Kvaðst hann ekki geta gefið skýringar á því að sömu fjárhæðir kæmu fyrir oft. Margar tengdi hann veiðinni, innborganir, bensínkostnaður eða annað veiðitengt. Þá hefði hann lánað ýmsum einstaklingum fjármuni í reiðufé og fengið greitt aftur með innborgun á bankareikninginn.
 17. Spurður um gjaldeyriskaup kvaðst ákærði ekki muna þetta í dag en líklega hefði hann verið að fara til útlanda, nokkuð sem vafalaust kæmi heim og saman við kaup á flugmiðum. Hann hefði keypt gjaldeyri með reiðufé úr laxveiðinni og skipt í evrur. Ákærði kvaðst ekki geta skýrt hvers vegna hann hefði farið sama dag og keypt gjaldeyri í tveimur mismunandi bönkum en taldi líklegt að ekki hefði verið til nægur gjaldeyris í öðrum bankanum. Ákærði kvaðst hafa fjármagnað kaup á bifreiðinni [...] með pening sem tengdist laxveiðinni eða „gædapening“. Hefði hann greitt bílinn að mestu með peningaseðlum. Varðandi innborganir á greiðslukort kvaðst ákærði hafa verið að gera einhverja tilraun með fyrirframgreidd kort. Þetta hefði sömuleiðis verið peningur úr veiðinni eða „laxapeningur“.
 18. Ákærði kannaðist við að hafa geymt peningaseðla á heimili sínu og á heimili barnsmóður sinnar. Þetta hefðu sömuleiðis verið peningar sem tengdust veiðinni. Hann kannaðist við þá muni sem hald var lagt á. Kvað hann smelluláspoka hafa verið tengda veiðiflugum en hann hefði verið að selja eitthvað af flugum. Ákærði kvaðst hafa geymt hluta peningaseðlanna hjá barnsmóður sinni í peningaskáp til aðgreiningar frá sínu fé. Þau hefðu ferðast mikið saman og hefði verið samkomulag um þetta fyrirkomulag. Peningarnir hefðu þó verið hans eign. Um z-merkta peningaseðla sem fundust í öskju kvað ákærði þá vera sjaldgæfa og því hefði hann haldið þeim saman. Þetta hefði mest verið laxveiðitengdir seðlar.
 19. A, fyrrverandi sambýliskona og barnsmóðir ákærða, var að beiðni hennar leyst undan vitnaskyldu, sbr. a-lið 1. mgr. 117. gr. laga nr. 88/2008. Hún staðfesti skýrslu sína hjá lögreglu.
 20. Sérfræðingur lögreglu nr. S-330 staðfesti og gerði nánari grein fyrir fjármálagreiningu varðandi ákærða og þeirri aðferðafræði sem lá þar að baki. Í meginatriðum hefði hún falist í því að afla gagna frá fjármálastofnunum og flokka eftir almanaksárum. Hefðu

Þau verið borin saman við upplýsingar á skattframtölum sem tóku til sama tímabils. Þá hefði ráðstöfun fjármuna verið skoðuð og undanskilið það sem átti sér skýringar og var talið eðlileg framfærsla. Svokallaðar óútskýrðar tekjur hefðu staðið utan við þetta. Einkennandi hefði verið töluverð notkun á reiðufé og innborganir frá mörgum einstaklingum. Þetta hefði verið mest á árinu 2018 og notkun fjármuna skýrst af þessu tvennu. Leitað hefði verið skýringa á innborgunum frá nokkrum einstaklingum sem hefðu gefið mismunandi skýringar. Reynt hefði verið að velja það úrtak tilviljanakennt og með það í huga að endurspeglar breytileika m.t.t. fjárhæða innborgana. Margir eða sumir hefðu átt að baki afbrottaferil. Þá hefði ákærði skýrt innborganir með ákveðnum hætti og hefði verið reynt að kanna sannleiksgildi þess og taka tillit til þess ef við átti, svo sem ef um endurgreiðslu var að ræða sem átti stoð í gögnum. Það hefði ekki verið ástæða til þess að rengja að ákærði tengdist veiði og getað vel staðist að einhverjar greiðslur tengdust henni en ekki hefði tekist að varpa ljósi á þær út frá upplýsingum ákærða. Það hefði verið einblínt á hvort ákærði hefði lagt út fyrir félagana í veiði og hvort það ætti stoð í gögnum. Grunur hefði leikið á að innborganir væru fíkniefnatengdar, en talsvert hefði verið um sléttar tölur. Vitnið kvaðst þó hafa farið varlega í að fullyrða hvað lægi að baki einstaka innborgunum. Þá hefðu innborganir frá tengdum aðilum, sambyliskonu og systur ákærða, verið undanskildar sem varúðarráðstöfun.

21. *B* kvaðst hafa kynnst ákærða á sjó og þeir verið vinir. Það hefði lengi tíðkast hjá þeim að lána hvor öðrum peninga og skýrðust innborganir hans á bankareikning ákærða af því. Hann myndi ekki eftir einstaka færslum. Vitnið kvaðst hafa verið í neyslu fíkniefna fyrir mörgum árum en kvað innborganirnar sem hér um ræðir ótengdar því. Kvaðst hann ekki vita hvort ákærði hefði stundað fíkniefnaviðskipti á árunum 2017–2019. Hann hefði sjálfur verið tekinn á heimili sínu með fíkniefni um það leyti sem mál ákærða kom upp en hann hefði verið ótengdur því.
22. *C* kvaðst hafa kynnst ákærða á sjó fyrir um sjö til átta árum. Hann kannaðist við að hafa lagt inn á bankareikning ákærða í nokkrum innborgunum nánar tilgreint tímabil á árinu 2018. Kvaðst hann ekki hafa átt kort á þessum tíma og hafa verið að „gambla“ og verið að fela það fyrir konunni sinni. Ákærði hefði látið hann fá seðla og hann lagt inn á ákærða. Vitnið kvað sér ókunnugt um hvort ákærði hefði selt fíkniefni. Sjálfur hefði hann verið í neyslu fíkniefna í gamla daga.
23. *D* kvaðst hafa verið nágrenni ákærða síðan á árinu 2016. Spurð um innborganir á bankareikning ákærða á árunum 2018–2019 kvaðst hún hafa lagt inn á ákærða í nokkur skipti. Hefði hún áttað sig á því að sennilega yrði hún spurð út í þetta og skoðað

færslurnar. Kannaðist hún við að hafa í eitt skiptið keypt fyrir ákærða eyrnalokka á netinu fyrir konu sem hann var að hitta. Þá hefði hún einnig fengið lánað hjá honum fyrir leigubifreið í maí 2018 en þá hefði hún verið að koma frá vinkonu sinni. Í janúar 2018 hefði hann lánað henni fyrir sígarettum. Hefði hún verið að endurgreiða þetta.

24. *E* kvaðst hafa kynnst ákærða á sjó. Þeir væru ekki í samskiptum í dag en vitnið kannaðist við að hafa átt aðild að máli þar sem þeir voru báðir ákærðir. Spurður um fimm innborganir á bankareikning ákærða á árunum 2017–2019 kvaðst vitnið hafa fengið lán frá ákærða í formi reiðufjár og greitt honum til baka. Hann myndi þó ekkert eftir innborguninum. Vitnið kvaðst hafa verið í neyslu fíkniefna áður en kvað það ekki tengjast þessu.
25. *F* kvaðst vera góð vinkona ákærða og þau hefðu bæði setið saman í sakamáli ekki fyrir löngu. Vitnið kvaðst ekki muna eftir innborgun á reikning ákærða frá 2018. Hún kvaðst ekki muna eftir færslunni svo langt aftur í tímann. Hún hefði verið í neyslu á árum áður en myndi ekki hvort svo hefði verið á þessum tíma. Kvaðst hún ekki vita hvort ákærði hefði selt fíkniefni.
26. *G* kvaðst hafa verið á sjó með ákærða. Á þeim tíma sem um ræðir hefði hann verið í harðri neyslu og undir áhrifum hvern dag. Hann myndi því ekki eftir atvikum eða þeim innborgunum sem um ræðir. Aðspurður taldi vitnið að hann hefði ekki verið að kaupa fíkniefni af ákærða.
27. *H* kvaðst hafa verið í góðum vinatengslum við ákærða og barnsmóður hans. Maki hennar hefði átt við fíkniefnavanda að stríða. Eftir skilnað vitnisins við manninn sinn hefði ákærði aðstoðað vitnið fjárhagslega, m.a. hefði hann lánað henni reiðufé. Taldi vitnið það skýra innborganir hennar á reikning ákærða og að um endurgreiðslu væri að ræða.
28. *I* kvaðst ekki þekkja ákærða neitt. Á þeim tíma sem þrjár innborganir á reikning ákærða á árunum 2018–2019, samtals 57.500 krónur, áttu sér stað hefði vitnið verið í neyslu og myndi atvik því illa. Á þeim tíma er hún gaf skýrslu hefði hún verið edrú og aðspurð taldi hún sig ekki hafa haft ástæðu til þess að segja ósatt. Vitnið teldi þó ósennilegt að hún hefði keypt efni af ákærða því hún hefði ekki umgengist hann. Mögulega hefði innborgunin verið fyrir einhvern annan.

29. *J* kvaðst þekkja ákærða í gegnum „veiðiheiminn“. Vitnið hefði verið leiðsögumaður og þeir veitt saman. Aðspurður kvað vitnið allar innborganir á bankareikning ákærða, samtals 85.000 krónur á árunum 2018–2019, hafa verið vegna uppgjörs á veiðileyfi. Kvað hann veiðileyfin keypt á öllum tímum ársins. Ákærði hefði gengið frá þeim fyrir hönd hópsins og hver og einn gert upp við hann. Vitnið kvaðst þó ekki muna eftir einstaka færslum.
30. *K* kvaðst hafa verið með ákærða á sjó og þeir hefðu verið góðir vinir. Spurður um tíðar innborganir á árunum 2017–2018, samtals 536.500 krónur, kvað vitnið þá félagi hafa lánað hvor öðrum fé þegar þeir voru peningalausir eða á „jamminu“ er komið var í land. Vitnið kvaðst hafa verið í neyslu og fallið inn á milli en ekki vita til þess að ákærði hefði selt fíkniefni.
31. *L* kvaðst hafa verið veiðifélagi ákærða og þeir verið ágætis vinir. Vitnið kvaðst muna eftir innborgunum á reikning ákærða en þær hefðu verið vegna veiðileyfa. Veiðileyfi hefðu verið dýrari í einstaka ám og það skýrði hærri færslurnar en einnig kynni fleira að koma til sem skýrði aðrar færslur. Hefði komið fyrir að ákærði legði út fyrir hollin. Vitnið kvaðst hafa verið í neyslu á árum áður en taldi að hann hefði verið edrú 2018. Hann hefði ekki vitað til þess að ákærði seldi fíkniefni.
32. *M* kvaðst aðeins þekkja ákærða í gegnum starf sitt. Hann hefði síðast átt í samskiptum við hann fyrir um sex árum. Vitnið kvaðst hafa verið í mikilli neyslu á árunum 2018–2019 og sá tími væri í móðu. Innborgun á reikning ákærða hefði sennilega verið því hann hefði verið „að ná sér í eitthvað“ og kvaðst vitnið þá eiga við fíkniefni.
33. *N* kvað barnsföður sinn, *K*, hafa verið á sjó með ákærða. Hann hefði ekki verið með greiðslukort á þeim tíma og hefði hún því lagt inn á ákærða í staðinn. Aðspurð kvaðst vitnið hafa verið í neyslu á þeim tíma sem um ræðir. Spurð um svör hennar í skýrslutöku hjá lögreglu um fíkniefni kvað hún lögregluna hafa hringt í sig eldsnemma. Hún hefði verið nývöknuð og nýkomin úr meðferð og því óviðbúin. Kvaðst hún í reynd ekki þekkja ákærða neitt og hafa sennilega verið að rugla einhverju saman en skýrslan væri öll í móðu. Hún vissi ekki til þess að ákærði hefði selt fíkniefni.
34. *O* kvaðst ekki þekkja ákærða neitt og ekki geta skýrt innborgun á reikning ákærða, 32.000 krónur. Mögulega hefði færslan verið „djammtengd“ þar sem hún hefði átt sér stað um nótt en aðspurð kvaðst vitnið ekki hafa verið að kaupa fíkniefni, hvorki fyrir

sig né aðra. Hún kvaðst ekki muna eftir svörum sínum hjá lögreglu um að mögulega hefði einhver beðið sig að leggja inn á þennan bankareikning.

35. *P* kvaðst hafa verið með ákærða á sjó og þekkja hann vel. Þeir hefðu m.a. stundað laxveiði saman og hist stöku sinnum. Spurður um tvær innborganir á bankareikning ákærða, annars vegar 60.000 krónur í maí 2018 og hins vegar 7000 kr. í maí 2019, taldi vitnið þá fyrri vera vegna veiðileyfis í Eldvatn en hina síðari sennilega til að gera upp bensínkostnað. Kvað hann það venjulega hafa verið svo að ákærði lagði út fyrir þessu.
36. *R* kvaðst vera æskufélagi ákærða og veiðifélagi. Á þeim tíma sem innborganir á reikning ákærða áttu sér stað hefðu þeir farið í veiðiferðir saman. Ákærði hefði haldið utan um þær og hefðu innborganir eflaust verið vegna þess. Spurður um einstaka færslur taldi vitnið líklegt að 60.000 krónur væru vegna veiðileyfis. Þá hefði komið fyrir að vitnið keypti af honum leyfi, þ.e. „affall“ og skýrðist seinni innborgunin, 16.000 krónur, líklega af því. Vitnið kvaðst hafa verið í neyslu áður en eiginlega hættur á þessum tíma. Kvaðst vitnið vita til þess að ákærði hefði verið í smásölu fíkniefna á þessum tíma. Hefði hann sjálfur keypt af honum efni.
37. *S* kvaðst vera vinur ákærða til margra ára. Hann skýrði innborganir á bankareikning svo að líklega væri um að ræða greiðslur vegna veiði. Þeir hefðu farið víða og ákærði lagt út fyrir þá. Aðspurður kvaðst ákærði líklega hafa verið í neyslu á þeim tíma sem um ræðir en ekki hefði þó verið um að ræða greiðslu fyrir fíkniefni.
38. *T* kvaðst hafa unnið með ákærða á sjó fyrir mörgum árum. Þeir hefðu einnig verið veiðifélagar. Spurður um eina innborgun, 16.000 kr., á reikning ákærða í febrúar 2018 kvaðst vitnið ekki muna vel eftir þessum tíma. Hann hefði verið í svolitlu rugli en þó ekki fíkniefnaneyslu. Mögulega hefði hann verið að greiða inn á veiðileyfi eða bensín eða annað.
39. *U* kvaðst hafa átt í ástarsambandi við ákærða og þau hefðu verið mjög góðir vinir. Hann hefði aðstoðað hana á ýmsa vegu. Spurð um innborgun á reikning ákærða, 32.000 krónur, kvað vitnið sig minna að hún hefði verið að endurgreiða honum lán. Sennilega hefði hann lánað henni reiðufé. Aðspurð kvaðst vitnið hafa verið í neyslu á þessum tíma en hafa þó ekki keypt efni af ákærða og ekki vita til þess að hann hefði selt efni.
40. *V* kvaðst hafa verið veiðifélagi ákærða á árum áður. Þeir hefðu kynnst í gegnum veiðileiðsögn og tekið að sér hópa. Ákærði hefði lánað honum oft á þessum tíma en

hann hefði ekki verið „beysinn“, verið í læknaðópi og á götunni. Allt væri því „yrjótt“. Vitnið taldi mögulegt að innborganirnar tengdust veiðileyfum og um endurgreiðslur til ákærða hefði verið að ræða. Aðspurður kvaðst hann ekki hafa keypt fíkniefni af ákærða og ekki vita hvort ákærði hefði verið að selja efni sjálfur. Vitnið kvaðst hafa hætt neyslu árið 2019 og ekki hafa verið í samskiptum við ákærða í sex ár.

III

Niðurstaða

41. Ákærða er gefið að sök peningþvætti eða sjálfsþvætti samkvæmt 1, sbr. 2., mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga með því að hafa tímabilið 7. febrúar 2017 til og með 5. júní 2019 aflað sér ávinnings af sölu og dreifingu á óþekktu magni ávana- og fíkniefna að lágmarki að fjárhæð 29.225.679 krónur, en ávinning brotanna hafi ákærði geymt, umbreytt og nýtt í eigin þágu til að standa undir eigin framfærslu með þeim hætti sem nánar er gerð grein fyrir í ákæru í þremur stafliðum.
42. Eins og áður er gerð grein fyrir var í þinghaldi 23. apríl sl. flutt um kröfu ákærða um frávísun málsins á þeim grunni að ákæran uppfyllti ekki kröfu c-liðar 1. mgr. 152. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Þeirri kröfu var hafnað og talið að bætt hefði verið úr þeim annmarka á ákærunni sem áður var til staðar, sbr. til hliðsjónar dóm Landsréttar í máli nr. 499/2024. Í ákæru er gerð grein fyrir tímabili peningþvættisbrots sem liggur fyrir og talið að ákærði hafi aflað sér ávinnings með sölu og dreifingu á óþekktu magni ávana- og fíkniefna að lágmarki að fjárhæð 29.225.679 krónur. Þá er afmarkað nánar í þremur stafliðum í hverju brotin fólust og fjárhæð að baki hverju og einu tilgreind og sundurliðuð þar sem við á. Telur dómurinn því að uppfylltar séu þær kröfur til skýrleika ákærunnar sem ráðið verður af dómaframkvæmd að gerðar séu þegar brot er heimfært undir 1. mgr., sbr. 2. mgr., 264. gr. almennra hegningarlaga.
43. Ákæruvaldið byggir á því að framangreindur ávinningur hafi alfarið verið afrakstur sölu og dreifingar á óþekktu magni ávana- og fíkniefna. Rannsóknargögn málsins sýni svokallaða neikvæða framfærslu ákærða, eða óútskýrðar tekjur sem ákærði hafi ekki gefið trúverðugar skýringar á. Varnir ákærða eru á því reistar að umræddir fjármunir hafi ekki verið ávinningur af sölu og dreifingu ávana- og fíkniefna heldur að meginstefnu til endurgreiðslur til hans, uppsafnaður sparnaður auk þess sem honum hafi um nokkurt skeið fram til ákærutímabilsins og hluta þess tímabils áskotnast mikið sjálfsaflafé sem hann hafi þó ekki staðið skattaleg skil á. Þessu fé hafi hann varið til framfærslu, ráðstafað með öðrum hætti eða geymt.

44. Í málinu er ekki uppi ágreiningur um þær fjárhæðir sem ákæra er byggð á. Samkvæmt skattframtölum ákærða var tekjuskattstofn ársins 2017, 8.500.209 krónur, ársins 2018, 4.146.061 króna og ársins 2019, 505.000 krónur. Samanlagður tekjuskattstofn ákærða fyrir tekjuárin 2017–2019 var 12.248.110 krónur. Tekjur að frádreginni staðgreiðslu voru rúmar 8.500.000 krónur. Eignir ákærða samkvæmt skattframtölum voru innstæður á bankareikningum og bifreiðar. Í niðurstöðu greiningar á fjármálum ákærða sem byggð er á rekjanlegum útgjöldum hans tímabilið 7. febrúar 2017 til og með 5. júní 2019 kemur fram að óútskýrðar tekjur ákærða á tímabilinu hafi numið 29.225.679 krónum. Samanstóðu þær af innborgunum frá einstaklingum og innborgunum ákærða í reiðufé.
45. Við mat á því hvort ákæruvaldið hafi axlað þá sönnunarbyrði sem á það er lögð ber að líta til þess sem slegið er föstu í dómaframkvæmd í tengslum við peningaþvætti, að ekki er gerð sú krafa að nákvæmlega liggi fyrir frá hvaða frumbroti ávinningur stafar til að talið verði sannað að brotið hafi verið gegn 1. mgr. 264. gr. laga nr. 19/1940, heldur verði að meta í ljósi atvika hverju sinni hvort sýnt sé fram á að ávinningur sé ekki af lögmætum toga. Jafnframt er litið til þeirra takmörkuðu sönnunarkrafna sem gerðar eru í málum þar sem eingöngu er ákært fyrir peningaþvætti og óvissa er um hvert nákvæmlega frumbrotið er eða það liggur ekki fyrir. Engu að síður ber ákæruvaldið sönnunarbyrði um að ávinningur sem ákæra málsins lýtur að stafi alfarið af sölu og dreifingu ákærða á óþekktu magni ávana- og fíkniefna. Eins og dómaframkvæmd ber með sér nægir að sanna með óyggjandi hætti að útilokað sé að ávinningur sé kominn til með lögmætum hætti.

a-liður ákæru

46. Samkvæmt ákærulið þessum er ákærða gefin að sök sú háttsemi að hafa móttakið á ofangreindu tímabili ávinning af sölu og dreifingu á óþekktu magni ávana- og fíkniefna á bankareikning í sinni eigu í formi innborgana frá einstaklingum og reiðufjárinnlagna sem ákærði geymdi og nýtti í eigin þágu.
47. Eins og nánar er gerð grein fyrir í fjármálagreiningu voru tíðar óútskýrðar innborganir frá 49 einstaklingum á bankareikning ákærða á árunum 2017–2019. Samtals námu þær 10.189.756 krónum, þar af 8.689.256 krónum á árinu 2018, alls um 200 færslur. Fjárhæðir óútskýrðra innborgana eru í greiningunni flokkaðar eftir tilteknu fjárhæðarbili.
48. Í fyrstu skýrslutökum af ákærða 14. og 18. júní 2019 kaus hann aðspurður að tjá sig ekki um innborganirnar. Í skýrslutöku 21. september 2020 var ákærði spurður hvort hann hefði verið byrjaður sem veiðileiðsögumaður á árinu 2018 en hann kaus að tjá sig ekki frekar um það. Voru honum kynnt fyrir liggjandi gögn um innborganir einstaklinga. Um suma kaus ákærði að tjá sig ekki en nefndi nokkra veiðifélaga sem og uppgjör tengd

- veiðileyfum eða önnur veiðitengd útgjöld. Kaus hann að tjá sig ekki um það hvort allar innborganir tengdust veiði. Ákærði kvaðst ekki hafa haldið upplýsingum um ofangreint til haga hvort sem það tengdist veiði eða annars konar lánum. Hefði hann iðulega greitt eða lánað með reiðufé.
49. Við gerð fjármálagreiningar var tekið tillit til skýringa ákærða að hluta, þ.m.t. hluta innborgana frá einstaklingum, og voru þær fjárhæðir ekki hluti af tölulegum niðurstöðum. Greiðslur sem tengdust veiði með augljósum hætti voru einnig dregnar frá, samtals 1.159.600 krónur. Þar af voru veiðileyfi til nokkurra veiðifélaga en fjárhæðir voru á bilinu 60.000–330.000 krónur.
50. Fyrir dómi skýrði ákærði innborganir tengdar veiði á þann hátt að það gætu verið hvers kyns útgjöld tengd veiði, m.a. vegna upphalds. Þá kvaðst hann hafa keypt veiðileyfi af fleiri aðilum en þeim sem gerð er grein fyrir í fjármálagreiningu lögreglu og þá greitt með reiðufé.
51. Ákærði hefur borið um að ýmis útgjöld tengd veiði, þ.m.t. vegna kaupa á veiðileyfum og veiðileiðsögn og fleira er tengdist veiði séu ekki rekjanleg. Þá hafi hann ekki gefið upp til skatts þær tekjur sem hann hafði af veiðinni. Ákærði hefur ekki lagt fram nein skjallæg gögn sem varpað geta ljósi á starfsemi ákærða tengda veiðinni og hvernig staðið hafi verið að uppgjöri í tengslum við einstakar veiðiferðir. Var hann einn í aðstöðu til þess og gat upplýst um starfsemina strax á rannsóknarstigi er leitað var skýringa sem gátu verið honum til hagsbóta við gerð fjármálagreiningar. Nærtækara er að tregða ákærða til þess að svara spurningum lögreglu skýrist af annarri ástæðu en þeirri að hann væri almennt ekki fús til þess að svara spurningum lögreglu. Ber því að líta til 115. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála við mat á trúverðugleika ákærða. Telur dómurinn ótrúverðugan þann framburð ákærða að hann hafi ekki staðið að sölu og dreifingu fíkniefna. Það er auk þess í andstöðu við framburð einstakra vitna og skýlausar játningar hans í Héraðsdómi Reykjavíkur í máli nr. S-1360/2024 vegna atvika er áttu sér stað 11. júní 2019, en þá naut hann aðstoðar verjanda. Þrátt fyrir að ákærði hafi á tímabili innborgananna ekki hlotið refsisdóm fyrir fíkniefnamisferli og/eða peningabætti er ljóst að þau mál sem á eftir fylgdu hafa átt sér aðdraganda. Ákærði var með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. S-4044/2024 dæmdur í sex ára fangelsi, m.a. fyrir stórfellt fíkniefnalagabrot og peningabætti.
52. Við aðalmeðferð komu sumir þeirra einstaklinga fyrir dóminn sem greiddu inn á nefndan bankareikning ákærða. Í fjármálagreiningu lögreglu segir að innborganir hafi m.a. komið frá einstaklingum sem hafi komið við sögu lögreglu vegna refsiverðra brota án þess að það sé afmarkað frekar. Sum vitnanna höfðu áður gefið skýrslu hjá lögreglu en önnur voru boðuð til skýrslutöku að beiðni ákærða og höfðu

ekki gefið skýrslu á rannsóknarstigi. Fæst mundu eftir innborgunum svo langt aftur í tímann en einstaka vitni kvaðst muna nákvæmlega eftir færslunum eða tengdi þær veiðiferðum með ákærða án þess að geta skýrt hvað bjó að baki einstaka innborgunum. Fram kom hjá flestum vitnanna að þau hefðu neytt fíkniefna á árum áður og sum á tímabili innborgananna, án þess þó að vilja fullyrða að þau hefðu keypt efnin af ákærða. Við mat á trúverðugleika vitnanna verður þó að hafa í huga að flest vitnin tengjast ákærða á einn eða annan hátt og sum sterkum vinaböndum. Vitnin Þ og Æ sem báðir eru láttnir gáfu skýrslu hjá lögreglu og metur dómurinn sönnunargildi framburðar þeirra, sbr. 3. mgr. 111. gr. laga nr. 88/2008.

53. Vitnið M tengdi innborganir sínar á reikning ákærða við kaup á fíkniefnum og R kvaðst hafa keypt fíkniefni af ákærða. Við sönnunargildi framburðar M er litið til þess að tengsl hans við ákærða voru takmörkuð og ekki að sjá að hann hafi nokkra hagsmuni af því að bera rangt um atvik. Vitnin N og I drógu úr framburði sínum hjá lögreglu en sá framburður verður ekki skilinn á annan veg en að þær hafi gengist við því að hafa keypt fíkniefni af ákærða. Skýringar þeirra á breyttum framburði nú eru að mati dómsins ekki trúverðugar.
54. Af fyrirliggjandi fjármálagreiningu og framburði vitna verður ekki dregin sú ályktun að allar innborganir á reikning ákærða verði raktar til sölu ákærða á ávana- og fíkniefnum. Þá verða engar öruggar ályktanir dregnar af fjárhæðum innborgana einstaklinga á reikning ákærða, fjölda eða tímasetningum þeirra einum og sér. Hjá því er ekki litið að langt er liðið frá því að innborganirnar áttu sér stað og er því ekki óeðlilegt að það setji mark sitt á framburð vitna. Það að vitni muni ekki eftir færslunum eða geti ekki skýrt þær þýðir ekki, eins og atvikum er hér háttað, að þær verði sjálfkrafa taldar eiga rót að rekja til fíkniefnaviðskipta einstaklinganna við ákærða. Þá dugar að mati dómsins ekki, eins og hér háttar til, að vitnisburður sé að einhverju leyti metinn ótrúverðugur fái hann ekki stoð af öðrum gögnum máls. Ber að skýra allan vafa hvað þetta varðar ákærða í hag.
55. Skýringar ákærða um uppruna einstaka innborgana fá stoð í framburði vitna sem komu fyrir dóminn. Telur dómurinn samkvæmt framansögðu ekki unnt að útiloka að hluti hinna óútskýrðu innborgana hafi verið af öðrum toga en ákærvaldið hefur lagt upp með í ákærinni. Með hliðsjón af framangreindu og gegn eindreginni neitun ákærða telur dómurinn að ákærvaldið hafi ekki axlað þá sönnunarbyrði sem á því hvílir samkvæmt 108. gr., sbr. 1. og 2. mgr. 109. gr., laga nr. 88/2008 og verður ákærði því sýknaður af peningaþvætti að undanskildum ávinningi ákærða af innborgunum þeirra vitna sem vikið er að í efnisgrein 53.

56. Ákærði kaus að tjá sig ekki um innborganir á bankareikning sinn á árinu 2018, samtals að fjárhæð 1.750.000 kr., en fyrir dómi kvaðst hann hafa greitt inn á reikninginn með reiðufé sem honum hefði áskotnast að mestu í tengslum við veiðileiðsögn. Í málinu liggja ekki fyrir gögn eða framburður vitna sem rennir stoðum undir framburð ákærða um fjármunina. Dómurinn metur framangreindar skýringar ákærða ekki trúverðugar, þar með taldar ósannfærandi skýringar um að mismunur á ráðstöfunartekjum og skráðum tekjum eigi fyrst og fremst rætur að rekja til fjármuna er fengnir hafi verið með framangreindum hætti.
57. Við mat á því hvort telja megi sannað svo hafið sé yfir skynsamlegan vafa að umræddir fjármunir eigi rót að rekja til sölu og dreifingar ákærða á fíkniefnum er auk framangreinds lítið til skýlausrar játningar ákærða í máli nr. S-1360/2024, sem talin var vera í samræmi við málsgögn, og þess að ákærði var sakfelldur fyrir að hafa haft í vörslum sínum í sölu og dreifingarskyni ávana og fíkniefni. Var því ríkt tilefni fyrir ákærða að upplýsa um atvik eða veita upplýsingar sem renndu stoðum undir framburð hans um uppruna ávinnings hans, sbr. 115. gr. laga nr. 88/2008, sbr. kafla 54 hér að framan. Með vísan til þess sem að framan er rakið telur dómurinn útilokað að framangreint reiðufé eigi lögætlan uppruna og sannað að umræddur ávinningur verði rakinn til sölu og dreifingar á fíkniefnum.
58. Að öllu framangreindu virtu hefur ákærði gerst sekur um peningabætti með því að hafa mótttekið ávinning í formi innborgana á bankareikning sinn samtals að fjárhæð 1.963.500 krónur. Brot ákærða er rétt heimfært til refsíákvæða í ákæru.

b-liður ákæru

59. Samkvæmt þessum ákærulið er ákærða gefið að sök að hafa á sama tímabili og áður greinir mótttekið ávinning af sölu og dreifingu á óþekktu magni ávana- og fíkniefna, að fjárhæð 9.939.923 krónur í formi reiðufjár, en ákærði hafi umbreytt fénu og nýtt það til gjaldeyriskaupa, kaupa á bifreið og til fyrirframreiðslu inn á tvö greiðslukort ákærða.
60. Í skýrslutöku af ákærða 21. september 2020 kvaðst ákærði aðspurður um innborganir á fyrirframgreidd kreditkort hafa greitt inn á annað þeirra en vinkona hans hefði haft það til afnota. Að öðru leyti kaus hann að tjá sig ekki um kortin eða hvernig hann hefði greitt inn á þau. Hann hefði nýtt reiðufé til kaupa á gjaldeyri vegna utanlandsferða og keypt bifreiðina [...], hvoru tveggja með reiðufé sem honum hefði áskotnast úr laxveiðinni. Hér fyrir dómi bar ákærði í aðalatriðum á sama veg og

kvaðst hafa verið að gera tilraun með fyrirframgreidd kort en uppruni fjármunanna hefði mestmegnis tengst veiði og veiðileiðsögn.

61. Í málinu liggja ekki fyrir gögn sem renna stoðum undir framangreint, þannig hefur ákærði hvorki lagt fram flugmiða er tengja má fyrrgreindum utanlandsferðum né aðrar upplýsingar sem tengja má umræddum veiðiferðum. Engin vitni hafa komið fyrir dóminn sem geta varpað ljósi á skýringar hans hvað varðar þetta sérstaklega. Dómurinn metur framangreindar skýringar ákærða ekki trúverðugar og ósannfærandi þær skýringar að ástæður mismunar á ráðstöfunartekjum og skráðum tekjum megi fyrst og fremst rekja til óuppgefinna fjármuna tengdra veiðiferðum hans og óvenju-mikilla umsvifa í tengslum við þær. Telur dómurinn útilokað að framangreint reiðufé eigi lögmætan uppruna.
62. Við mat á því hvort telja megi sannað svo hafið sé yfir skynsamlegan vafa að um-ræddir fjármunir eigi rót að rekja til sölu og dreifingar ákærða á fíkniefnum er auk framangreinds vísað til rökstuðnings í efnisgrein 57 fyrir því mati dómsins að ákærði hafi haft tekjur af sölu- og dreifingu fíkniefna. Telur dómurinn útilokað að framangreint reiðufé eigi lögmætan uppruna og sannað að umræddur ávinningur verði rakinn til sölu og dreifingar á fíkniefnum. Brot ákærða er rétt heimfært til refsíákvæða í ákæru.

c-liður ákæru

63. Ákærða er gefið að sök að hafa mótttekið og geymt ávinning af sölu og dreifingu á óþekktu magni ávana- og fíkniefna að fjárhæð samtals 7.346.000 krónur, annars vegar á heimili ákærða og hins vegar á heimili barnsmóður hans en fjármunirnir voru haldlagðir við rannsókn málsins 11. júní 2019, auk þeirra fíkniefna sem um getur máli nr. S-1360/2024. Í skýrslutöku af ákærða 12. júní 2019 kaus hann að tjá sig ekki um uppruna reiðufjárins sem var á heimili hans og vildi í fyrstu ekki tjá sig um hvað væri í peningaskáp sem var á heimili barnsmóður hans en gekkst síðar við því að vera eigandi skápsins, reiðufjár sem í honum var sem og annars reiðufjár sem fannst þar í öskju í skáp. Samræmist það framburði vitnisins A hjá lögreglu.
64. Fyrir dómi kvað ákærði umrætt reiðufé tengjast veiði og veiðileiðsögn. Hefði hann geymt fjármuni hjá barnsmóður sinni til aðgreiningar en þau hefðu ferðast mikið. Þá hefði hann haldið z-seðlunum saman enda væru þeir sjaldgæfir en þeir seðlar væru líka laxveiðitengdir.
65. Í málinu liggja ekki fyrir nein gögn eða framburður vitna sem rennir stoðum undir framburð ákærða um fjármunina. Dómurinn metur framangreindar skýringar ákærða ekki trúverðugar og telur útilokað að framangreint reiðufé eigi lögmætan uppruna.

Með vísan til þeirra röksemda sem að öðru leyti eru raktar í efnisgrein 57 telur dómurinn að sannað sé svo hafið sé yfir skynsamlegan vafa að ávinninginn megi rekja til sölu og dreifingar á fíkniefnum. Brot ákærða er rétt heimfært til refsíákvæða í ákæru.

IV

66. Ákærði hefur verið sakfelldur fyrir peningaþvætti, að hluta til samkvæmt a-lið ákærunnar og að fullu samkvæmt b- og c-lið ákærunnar. Samkvæmt framlögðu sakavottorði, dags. 15. janúar 2025, var ákærði með dómi Héraðsdóms Reykjaness frá 6. febrúar 2002 sakfelldur fyrir líkamsárás samkvæmt 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og dæmdur í 15 mánaða fangelsi, þar af voru 12 mánuðir refsingarinnar skilorðsbundnir til fimm ára. Hann gekkst undir lögreglustjórásátt vegna umferðarlagabrots 7. mars 2023. Hinn 16. október 2023 var hann dæmdur í fangelsi í 45 daga fyrir fíkniefnalagabrot og var fullnustu refsingarinnar frestað í eitt ár. Ákærði var með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá 3. desember 2024 dæmdur í sex ára fangelsi fyrir stórfellt fíkniefnalagabrot og skipulagða brotastarfsemi, peningaþvætti og vopna- og fíkniefnalagabrot. Brot ákærða samkvæmt dóminum voru framin bæði fyrir og eftir framangreindan dóm frá 16. október 2023. Var ákærða því dæmdur hegningarauki en jafnframt hafði hann rofið skilorð dómsins, sem var með vísan til 60. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 dæmdur upp og ákærða gerð refsing í einu lagi.
67. Brot ákærða nú voru framin á árunum 2017–2019. Verður honum gerður hegningarauki við dóm Héraðsdóms Reykjavíkur frá 3. desember 2024 sem nemur þeirri þyngingu hegningarinnar sem kynni að hafa orðið ef dæmt hefði verið um málin saman. Við ákvörðun refsingar er til þess litið að brotin náðu yfir langt tímabil en einnig er til þess litið að um verulegar fjárhæðir var að ræða sem voru ágóði fíkniefnalagabrota. Litið er til þess hversu langt er liðið frá brotum ákærða. Ákæra í málinu var gefin út 7. desember 2023 en ástæður þess dráttar hafa að nokkru verið raktar. Þá hefur málið dregist á langinn við meðferð þess fyrir dómi af ástæðum sem að litlu leyti verða raktar til ákærða. Með hliðsjón af öllu framangreindu og 1., 5. og 6. tölulið 1. mgr. 70. gr. og 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing ákærða Jóns Inga hæfilega ákveðin fangelsi í átta mánuði.
68. Ákæruvaldið hefur krafist upptöku á fjármunum sem voru haldlagðir undir rannsókn málsins með vísan til 1. mgr. 69. gr. og 69. gr. b–d í almennum hegningarlögum nr. 19/1940. Ákærði hefur hafnað upptöku fjármunanna sem hann kveður alfarið hafa verið í sinni eigu þó hluti þeirra hafi verið geymdur á heimili barnsmóður hans.
69. Samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga má gera upptækan ávinning af broti eða fjárhæð sem svarar til hans í heild eða að hluta. Sama gildir um muni sem keyptir eru

fyrir ávinninginn eða komið hafa í stað hans. Þegar ekki er unnt að færa fullar sönnur á fjárhæð ávinnings er heimilt að áætla fjárhæðina. Þá segir í 69. gr. b að gera megi upptæk verðmæti, að hluta eða í heild, sem tilheyra einstaklingi sem gerst hefur sekur um brot þegar brotið er til þess fallið að hafa í för með sér verulegan ávinning og getur varðað allt að sex ára fangelsi. Einnig er heimilt að gera upptæka fjárhæð sem svarar til mögulegs ávinnings. Í athugasemdum við c-lið 2. gr. frumvarps til laga um breytingar á almennum hegningarlögum, sem varð að 69. gr. b í lögunum, sbr. lög nr. 149/2009, sagði að með ákvæðinu væri lagt til að lögfest yrði rýmri heimild til upptöku verðmæta vegna alvarlegra brota sem væru til þess fallin að hafa í för með sér verulegan ávinning. Ekki væri gerð krafa um að sýnt væri fram á tengsl milli ákveðins brots og þess sem gert væri upptækt. Þá væri gert ráð fyrir öfugri sönnunarbyrði þannig að viðkomandi yrði að sýna fram á að verðmæti væri ekki að rekja til brotastarfsemi.

70. Með vísan til atvika máls, ótrúverðugs framburðar ákærða um uppruna fjármunanna og þess að hann hefur á engan hátt sýnt fram á að hann hafi aflað fjármunanna með lög-mætum hætti, sbr. 4. mgr. 69. gr. b í almennum hegningarlögum, verður fallist á með ákærvaldinu að skilyrði 1. mgr. 69. gr. b um upptöku séu uppfyllt. Með hliðsjón af niðurstöðu málsins ber að fallast á upptökukröfu ákærvaldsins sem er samtals að fjárhæð 13.412.037 krónur.
71. Samkvæmt gögnum málsins var lagt hald á reiðufé á heimili ákærða að [...] í Reykjavík og á heimili barnsmóður hans að [...]. Einnig var lagt hald á bifreið ákærða með einkennisnúmerinu [...] og var hún seld að fenginni heimild ákærða. Framangreint reiðufé og söluandvirði bifreiðarinnar er varðveitt á vörslureikningi Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og hluti þess hjá aðalféhirði embættisins, samtals 13.412.037 krónur. Þannig er til staðar trygging til greiðslu hluta þess fjár sem var ávinningur ákærða. Verða framangreindir fjármunir gerðir upptækir eins og nánar greinir í dóms-orði.
72. Með vísan til niðurstöðu málsins og 2. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð saka-mála verður ákærða gert að greiða 2/3 hluta sakarkostnaðar málsins sem er hæfilega ákveðinn 2.511.000 króna málsvarnarlaun, en 1/3 hluti þess sakarkostnaðar skal greiddur úr ríkissjóði. Þá skal ákærði greiða 55.836 krónur vegna aksturskostnaðar verjanda og í annan sakarkostnað málsins 122.360 krónur. Við ákvörðun málsvarnarlauna er litið til umfangs málsins og vinnu verjanda á rannsóknarstigi. Er hliðsjón höfð af tímaskýrslu verjanda og reglum dómstólasýslunnar nr. 1/2025. Þá er við ákvörðun málsvarnarlauna tekið tillit til virðisaukaskatts.
73. Af hálfu ákærvaldsins flutti málið Silja Rán Arnarsdóttir aðstoðarsaksóknari.

74. Sigríður Hjaltsted héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð:

Ákærði, Jón Ingi Sveinsson, sæti fangelsi í átta mánuði.

Ákærði sæti upptöku á 13.412.037 krónum, sem er innstæða að fjárhæð 4.913.000 krónur á reikningi Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu nr. [...] til varðveislu fjármuna sem haldlagðir voru 11. júní 2019, innstæðu að fjárhæð 6.066.037 krónur á reikningi Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu nr. [...] til varðveislu söluandvirðis bifreiðarinnar [...] sem haldlögð var 19. júní 2019, 2.000.000 króna sem varðveittar eru í munageymslu Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og haldlagðar voru 11. júní 2019 og 433.000 krónum sem varðveittar eru hjá aðalféhirði Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og haldlagðar voru 11. júní 2019.

Ákærði greiði 2/3 hluta 2.511.000 króna málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Þorgils Þorgilssonar lögmanns, en 1/3 hluti málsvarnarlauna greiðist úr ríkissjóði. Ákærði greiði 55.836 krónur vegna aksturskostnaðar verjanda og annan sakarkostnað málsins 122.360 krónur.

Sigríður Hjaltsted